

Mánudaginn 14. desember 1992.

Nr. 262/1992. **Dánarbú Daníels Þórarinssonar**

gegn

Búnaðarbanka Íslands.,

Ágústi Kristmanns,

Gjaldheimtunni í Reykjavík,

Íslandsbanka hf.,

Hilmari Ingimundarsyni hrl.,

Sjóklæðagerðinni hf.,

Magnúsi Grímssyni og

Rolf Johansen & Co.

Kærumál. Nauðungaruppboð. Samþykki boðs. Ómerking
Frávisun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 16. júní 1992. Samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu sætir málið meðferð kærumála eftir 1. júlí 1992. Máli þessu var áður áfrýjað með stefnu 27. júlí 1990, en var vísað frá Hæstarétti 19. maí 1992.

Sóknaraðili krefst þess, að þriðja og síðasta nauðungaruppboð á hluta Laugavegar 76, Reykjavík, sem fram fór 7. nóvember 1989, verði látið standa, en vanefndauppboð á sömu eign 2. júlí 1990 verði ómerkt. Þá krefst hann kærumálskostnaðar „óskipt úr hendi þeirra varnaraðila, sem andmæla dómkröfum sóknaraðila fyrir Hæstarétti...“.

Varnaraðilinn Gjaldheimtan í Reykjavík krefst þess, „að hið kærða uppboð verði staðfest“. Varnaraðilinn Rolf Johansen & Co. krefst þess, að málinu verði vísað frá Hæstarétti. Báðir þessir varnaraðilar krefjast kærumálskostnaðar.

Varnaraðilinn Hilmar Ingimundarson hæstaréttarlögmaður tekur undir dómkröfur sóknaraðila um annað en kærumálskostnað. Hann krefst ekki kærumálskostnaðar sér til handa.

Frá öðrum varnaraðilum hafa hvorki boðist kröfur né greinargerðir.

Hinum kærðu uppboðsgerðum er lýst í framangreindum dómi Hæstaréttar 19. maí 1992.

Á þriðja og síðasta nauðungaruppboði 7. nóvember 1989 var bókað: „Uppboðshaldari tók sér með samþykki uppboðsbeiðanda og bjóðenda allt að 10 vikna frest til að taka ákvörðun um framkomin boð.“ Samkvæmt gögnum málsins, sem ekki hafa verið veffengd, var það ekki fyrr en með bréfi 18. janúar 1990, tíu vikum og tveimur dögum eftir þessa uppboðssölu, að uppboðshaldari skoraði á hæstbjóðanda, Ágúst Kristmanns, að greiða fjórðung kaupverðs, en ella mætti vænta þess, að næsthæsta boði yrði tekið án frekari fyrirvara. Hæstbjóðandi svaraði uppboðshaldara með bréfi 25. janúar 1992 og kvaðst líta svo á, að hann væri ekki lengur bundinn við boð sitt, þar sem afstaða hefði ekki verið tekin til þess innan tíu vikna frá uppboðsdegi.

Samkvæmt 1. mgr. 19. gr. þágildandi laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð var hæstbjóðandi ekki lengur bundinn við boð sitt á uppboðsþinginu 7. nóvember 1989, þegar uppboðshaldari skoraði á hann að standa við það 18. janúar 1990. Vanefndauppboð gat því eigi farið fram samkvæmt 35. gr. uppboðslaga, og ber þegar af þeirri ástæðu að ómerkja hina kærðu uppboðsgerð, sem fram fór 2. júlí 1990.

Þar sem hæstbjóðandi er ekki lengur bundinn við boð sitt á þriðja og síðasta nauðungaruppboði 7. nóvember 1989, hefur sóknaraðili ekki lögvarða hagsmuni af því að fá dóm um staðfestingu þess. Verður því að vísa þeirri kröfu frá Hæstarétti.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Hin kærða uppboðsgerð frá 2. júlí 1990 á að vera ómerk,

Kröfu sóknaraðila um staðfestingu uppboðsgerðar 7. nóvember 1989 er vísað frá Hæstarétti.